

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. febrúar 2023

Mál nr. E-1997/2021:

A

(*Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður*)

gegn

Heklu hf., Vátryggingafélagi Íslands hf.,

(*Heiðar Örn Stefánsson lögmaður*)

Securitas hf. og Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(*Sigurður Ágústsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta var höfðað 4. mars 2021 og dómtekið 5. janúar 2023. Stefnandi er A, til heimilis að [...], og stefndu eru Hekla hf., Laugavegi 174, Reykjavík, Securitas hf., Skeifunni 8, Reykjavík, Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði óskipt bótaskylda stefndu, Heklu hf., Securitas hf., Vátryggingafélags Íslands hf. og Sjóvár-Almennra trygginga hf., vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut af völdum slyss á lóð stefnda Heklu hf. 5. mars 2018. Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði óskipt gert að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndu Securitas hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. krefjast þess að verða sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Þá krefjast þeir málskostnaðar.

Stefndu Hekla hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. krefjast aðallega sýknu en til vara að viðurkenningarkrafa stefnanda verði einungis tekin til greina að hluta. Þá krefjast stefndu málskostnaðar.

I

Málsatvik eru þau að stefnandi kom gangandi, 5. mars 2018, að verslunar- og athafnasvæði stefnda Heklu hf. við Laugaveg í Reykjavík, Brautarholtsmegin. Þar er sjálfvirkt hlið sem aka þarf í gegnum á leið inn á bílastæði. Þegar stefnandi kom gangandi að í umrætt sinn var hliðið opið og sjálfvirk slá sem lokar hliðinu uppi. Gekk stefnandi í gegnum hliðið en á sama tíma fór sláin niður og lenti þá á höfði stefnanda. Byggir stefnandi á að höggið hafi bæði haft tímabundnar og varanlegar afleiðingar á heilsu hans.

Umrætt hlið hafði stefndi Hekla hf. keypt af stefnda Securitas hf. Er hliðið útbúið geisla sem liggur undir slána sem skynjar hvort bílar keyri um hliðið. Skilti fylgja ekki hliðinu og það gefur ekki frá sér hljóð- eða ljósmerki. Er hliðið opið í um 30 sekúndur

áður en það lokast aftur. Það er CE-merkt, sem þýðir að það uppfyllir tiltekna staðla Evrópuréttar.

Stefnandi tilkynnti slysið til stefnda Heklu hf. samdægurs. Hafði stefndi Hekla hf. í gildi ábyrgðartryggingu hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. en félagið hafnaði bótaskyldu í málinu þegar stefnandi leitaði eftir viðurkenningu félagsins á henni. Stefnandi kærði þá afstöðu til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og krafðist þess að viðurkennd yrði skaðabótaskylda og greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu. Nefndin hafnaði því hins vegar með úrskurði sem kveðinn var upp 2. apríl 2020.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð, dags. 13. október 2021, um komu stefnanda á bráðamóttöku daginn sem slysið varð. Kemur þar fram að stefnandi hafi verið með svima og ógleði og kastað upp á bráðamóttöku. Þá hafi hann lýst dofa í vinstri hluta andlits. Í endurkomu 15 dögum síðar hafi stefnandi áfram verið með höfuðverk vinstra megin á höfði og lýst svima og jafnvægisleysi. Einnig liggur fyrir göngudeildarnóta frá Heilsugæslunni [...], dags. 19. júní 2018, þar sem fram kemur m.a. að stefnandi hafi verið frá vinnu um tveggja vikna skeið eftir slysið. Þá liggur fyrir læknabréf, dags. 16. janúar 2019, þar sem fram kemur m.a. að stefnandi hafi fengið slá í höfuðið við húsnæði stefnda Heklu hf. í mars 2018 og hafi í kjölfarið verið með höfuðverki og misst eitthvað af sjónsviði.

Stefnandi gaf aðilaskýrslu við aðalmeðferð málsins. Þá gaf vitnið Ólafur Björn Jónsson, gæðastjóri stefnda Heklu hf., vitnaskýrslu. Við aðalmeðferð málsins gengu dómarar á vettvang.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi kveðst hafa slasast á lóð stefnda Heklu hf. Hafi slysið orðið þegar sjálfvirkt hlið á lóðinni hafi slegist harkalega í höfuð hans. Sé hliðið á lóð stefnda Heklu hf. og notað í þágu fyrirtækisins. Þá hafi hliðið samkvæmt upplýsingum frá stefnda Heklu hf. verið hluti af þjónustu sem veitt var af stefnda Securitas hf. sem selt hafi stefnda Heklu hf. hliðið.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að umrætt hlið hafi verið án fullnægjandi öryggisbúnaðar. Hafi hliðið og umhverfi þess ekki uppfyllt öryggiskröfur sem gera verði á svæði þar sem búast megi við umferð fólks. Þá hafi ekki verið til staðar fullnægjandi viðvaranir eða aðrar ráðstafanir gerðar við hliðið. Um skaðabótaábyrgð stefnda Heklu hf. og Securitas hf. vísar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar, reglna um skaðabótaábyrgð fasteignareiganda og laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Byggir stefnandi á því að beita verði ströngu sakarmati við mat á ábyrgð fyrirtækja í atvinnurekstri sem laði til sín fólk. Sama gildi um fyrirtæki sem

selja og reka búnað sem sé hættulegur en þó notaður á svæði þar sem gera megi ráð fyrir umferð gangandi vegfarenda.

Stefnandi telur líkamstjón sitt vera afleiðingu af saknæmri og ólögmætri háttsemi stefndu, Heklu hf. og Securitas hf., og starfsmanna þeirra. Hafi háttsemin falist í því að tryggja ekki fullnægjandi öryggi hliðsins og umhverfis þess. Sé tjón stefnanda í orsakatengslum við og sennileg afleiðing af háttseminni. Beri stefndu ábyrgð, á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar og annarra reglna skaðabótaréttarins, á því að hliðið og umhverfi þess hafi ekki verið nægilega öruggt til þess að koma í veg fyrir slysið. Stefndi Hekla hf. hafi verið með ábyrgðartryggingu hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. á slysdegi og stefndi Securitas hf. hafi verið með sambærilega tryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Því sé tryggingafélögunum einnig stefnt enda eigi stefnandi rétt á bótum úr tryggingunum verði fallist á málatilbúnað hans, sbr. 44. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga.

Stefnandi telur að eins og atvikum sé háttað beri stefndu sameiginlega og óskipta ábyrgð á því tjóni sem stefnandi varð fyrir í slysinu 5. mars 2018. Vátryggingafélögin beri ábyrgð samkvæmt vátryggingarsamningi og lögum um vátryggingarsamninga. Stefnandi bendir á að telji dómurinn rétt að skipta ábyrgðinni milli stefndu með einhverjum hætti falli það innan aðalkröfunnar. Aðild stefndu styðjist við 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en til vara við 19. gr. laganna.

Stefnandi kveður stefndu bera sönnunarbyrðina fyrir því sem óljóst sé í málinu. Beri stefndu sönnunarbyrðina fyrir því að slysið verði ekki rakið til þess að hliðið hafi verið búið ófullnægjandi öryggisbúnaði og/eða að ekki hafi verið gætt að öðrum öryggisráðstöfunum. Telur stefnandi að fullnægjandi búnaður hefði getað komið í veg fyrir slys og að hann hefði mátt setja upp með litlum tilkostnaði.

Um skaðabótaábyrgð eiganda eða umsjónar- eða yfirráðamanns fasteignar bendir stefnandi á að í réttarframkvæmd hafi verið viðurkennt að rík skaðabótaábyrgð hvíli á þeim. Mestar kröfur séu gerðar til þeirra sem eiga eða hafa umráð yfir fasteignum sem nýttar eru til verslunar- eða þjónustustarfsemi og gildi það um aðstæður og búnað bæði innan húss og utan. Viðurkennt sé að á fasteignareiganda hvíli rík aðgæslu- og athafna-skylda til þess að haga útbúnaði fasteignar, þ.m.t. lóðar, með þeim hætti að þeir sem eiga erindi í fasteignina og aðrir sem eiga leið um verði ekki fyrir tjóni. Sakarmatið sé strangt enda verði að leggja ríkar skyldur á yfirráðmenn fasteigna sem laði til sín almenning til kaupa á vöru og þjónustu að umbúnaður sem tengist fasteigninni skapi ekki hættu fyrir gangandi vegfarendur. Ef aðstæður séu þannig að þær geti leitt til einherrar hættu sé það skylda yfirráðamanna að koma í veg fyrir eða a.m.k. draga úr þeirri hættu eins og þeim sé framast unnt.

Stefnandi kveðst hafa komið gangandi að lóð stefnda til þess að sækja sér þá þjónustu sem stefndi Hekla hf. bjóði upp á á svæðinu. Ýmiss konar þjónusta og verslun

sé rekin í fasteigninni og á lóðinni. Svæðið sé mjög opið á allar hliðar og eðlilegt að koma að því frá fleiri en einni hlið, einkum fyrir gangandi vegfarendur. Það sé því eðlilegt að vegfarendur noti ýmsar leiðir að svæðinu. Meðal annars séu sýningarbílar á bílastæðinu allt í kringum fasteignina. Þjónusta og vöruframboð stefnda nái þannig út fyrir húsnæðið og hluti hennar sé á bílastæðinu. Þess megi jafnframt geta að einungis nokkrum metrum frá bílastæðahliðinu sé að finna móttöku fyrir bifreiðar viðskiptavina og séu öll hlið húsnæðisins sem snýr í þessa átt skýrlega merkt með merki fyrirtækis stefnda Heklu hf.

Stefnandi kveðst hafa komið að lóð stefnda Heklu hf. Brautarholtsmegin. Sé það eðlileg umferðarleið fyrir gangandi vegfaranda sem kemur að fasteigninni úr þeirri átt enda sé svæðið opið og töluverð umferð gangandi fólks um það. Fyrir gangandi vegfaranda sé önnur leið að fasteign stefnda, þegar komið sé úr þessari átt, líklega um þrisvar sinnum lengri. Miðað við umfang á starfsemi stefnda og umhverfið í kring megi stefndi gera ráð fyrir að fólk komi gangandi að húsnæðinu úr þessari átt. Hér verði sérstaklega að hafa í huga að stefndi reki bílasölu, verkstæði o.fl. og stór hluti starfseminnar fari þannig fram á lóðinni en sé ekki einungis inni í húsinu. Þá verði stefndi eins og önnur fyrirtæki að gera ráð fyrir gangandi vegfarendum á bílastæðum og milli húsa. Þannig nægi ekki að stefndi tryggi einungis öryggi vegfarenda beint fyrir framan aðalinngang verslunarinnar enda beri stefndi ábyrgð á allri fasteign sinni og lóðinni í kringum hana samkvæmt reglum um skaðabótaábyrgð fasteignareiganda.

Stefnandi kveðst hafa mátt búast við því að geta sótt sér þjónustu á lóð stefnda án þess að verða fyrir líkamlegu tjóni vegna aðbúnaðar á svæðinu. Hafi stefnandi ekki verið staddur á svæði þar sem gangandi umferð sé bönnuð. Hann hafi ekki þurft að opna hlið eða komast yfir hindranir til þess að geta gengið um svæðið. Þvert á móti sé mikið um gangandi vegfarendur á bílplaninu. Stefnda Heklu hf. sé kunnugt um það og beri því að gera ráðstafanir til þess að tryggja öryggi gangandi vegfarenda.

Stefnandi telur ljóst að stefndi Hekla hf. hafi ekki tryggt öryggi gangandi vegfarenda á svæðinu með fullnægjandi hætti þrátt fyrir að það hefði mátt gera með lítilli fyrirhöfn og litlum tilkostnaði. Af því leiði að stefndi Hekla hf. beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni stefnanda sem rakið verði til vanbúnaðar fasteignarinnar.

Stefnandi bendir á að engar viðvaranir hafi verið á slysstað. Sé umhverfi í kringum slysstaðinn þannig að erfitt sé fyrir mann, sem sé að ganga í átt að lóð stefnda, að átta sig á því að sláin geti fallið niður. Mikið af svipuðum stöngum/slám sé í umhverfinu og á þeirri leið sem stefnandi hafi gengið blasi við a.m.k. sjö fánastangir, tvö öryggishlið og tveir ljósastaurar. Allt séu þetta stangir, svipaðar að lögun, sem vísi beint upp og séu í ljósum lit. Séu þannig 11 lóðréttir staurar í nánasta nærumhverfi slysstaðarins en aðeins einn af þeim falli niður án nokkurrar viðvörunar.

Stefnandi bendir einnig á að sláin sem um ræðir sé mjög lengi uppi í senn. Verði það til þess að gangandi vegfarendur sem komi að hliðinu sjái slána aldrei öðruvísi en uppi. Vegfarendur sjái þannig að sláin sé uppi allan tímann sem þeir gangi að hliðinu. Megi þeir þá gera ráð fyrir því að sláin sé einfaldlega föst uppi eins og eigi við um margar sambærilegar slár. Algengt sé að slár séu fastar uppi varanlega eða á ákveðnum tímum dags þannig að bifreiðum sé heimilt að keyra um svæðið.

Stefnandi telur að vegna þessara aðstæðna umhverfis bílastæðahliðið hefði stefnda verið í lófa lagið að setja upp varúðarskilti og önnur öryggisatriði líkt og algengt sé í nálægð við sambærileg bílastæðahlið. Þess megi geta að stefndi hafi sett upp tvö áberandi varúðarskilti á svæðinu í kjölfar slyssins. Hafi stefndi Hekla hf. litið svo á að svæðið væri ekki ætlað gangandi viðskiptavinum og vegfarendum hafi stefnda borið að setja upp merkingar þess efnis og koma í veg fyrir umferð óviðkomandi aðila með viðeigandi aðgerðum. Það hafi stefndi Hekla hf. ekki gert. Þvert á móti megi ráða af aðstæðum á svæðinu að það sé öllum opið og að óhætt sé að ganga þar um.

Stefnandi byggir á því að bílastæðahliðið hafi verið án fullnægjandi öryggisbúnaðar og að í lögum og reglugerðum megi finna ýmsar útfærslur á þeim öryggiskröfum sem gera verður til eigenda lóða og mannvirkja. Megi þar nefna ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem eigi einnig við um svæði þar sem almenningur venji komur sínar. Vísireglur laganna geri þá kröfu að atvinnurekandi tryggi fyllsta öryggi, sbr. 13. gr. og 42. gr. laganna. Í 46. gr. laganna segi m.a. að vélar og annar búnaður skuli þannig úr garði gerður að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Stefnandi bendir á að í 4. gr. reglugerðar nr. 1005/2009, um vélar og tæknilegan búnað, segi m.a. að óheimilt sé að setja á markað eða taka í notkun vélar nema að tryggt sé að heilsu og öryggi manna og, þar sem við á, öryggi húsdýra sem og eignum stafi ekki hætta af þeim vélum eða ófullgerðum vélum sem séu settar upp á réttan hátt, þeim haldið við sem skyldi og þær notaðar í fyrirhuguðum tilgangi eða við aðstæður sem skynsamlegt sé að ætla að sjá megi fyrir. Samkvæmt þessu ákvæði hafi stefndi m.a. þurft að tryggja að ekki stafaði hætta af hliðinu. Stefnandi bendir á að í I. viðauka reglugerðarinnar, um grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi í tengslum við hönnun og smíði véla, séu gerðar ítarlegar kröfur til þess að vél hafi ekki í för með sér áhættu fyrir fólk þegar hún sé notuð við fyrirsjáanlegar aðstæður, sbr. grein 1.1.2. Meðal þeirra aðstæðna sem taka skuli tillit til sé „rangnotkun“ sem skynsamlegt sé að ætla að sjá megi fyrir. Í grein 1.3.3. segi að gera skuli ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu sem stafi af hlutum sem falla niður eða kastast burt.

Stefnandi bendir á að í 9. gr. reglna nr. 492/1987, um öryggisbúnað véla, segi skýrum stöfum að vél, sem sé sjálfvirk eða hafi sjálfvirkan búnað, skuli m.a. hafa stöðvunarbúnað sem stöðvi hana á öruggan hátt.

Stefnandi bendir á að í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sé að finna almenn ákvæði um þær kröfur sem gerðar séu til eiganda/umráðamanns mannvirkis og útisvæða við mannvirki. Fram komi í grein 7.1.1 að ávallt skuli tryggja fullnægjandi öryggi fólks á útisvæði við mannvirki. Þá segir í grein 12.1.1 að byggingar og lóðir skuli þannig hannaðar og byggðar að hætta á slysum sé í lágmarki og að gera skuli þær ráðstafanir sem þarf til að koma í veg fyrir slysaættur. Samkvæmt grein 12.10.1 skal aðkoma að byggingu, bílastæði og almennt göngusvæði við og að byggingu vera þannig staðsett og frágengin að aðgengi að byggingunni sé auðvelt öllum og ekki skapist slysaætta á svæðinu. Í 2. mgr. greinar 6.2.2 í reglugerðinni, eins og henni hefur verið breytt með reglugerð nr. 280/2014, segir m.a. að hönnun bílastæða og gönguleiða skuli vera með þeim hætti að ekki skapist hætta fyrir gangandi vegfarendur. Í grein 12.10.3 er fjallað um hreyfanlegan búnað og þar segir að hurðir, hlið, grindur o.þ.h. á lóðum sem opnast og lokast af vélarafli eða vogarafli skuli þannig frágengnar að ekki sé hætta á að fólk geti slasast.

Stefnandi telur að af framangreindum skyldum eiganda mannvirkis til að tryggja öryggi umhverfis mannvirki leiði að rafknúinn búnaður sem stjórnir umferð inn á t.d. bílastæði skuli ávallt vera í góðu ásikkomulagi og uppfylla ýtrustu öryggisráðstafanir sem mögulegt er að gera hverju sinni. Hafi umráðamaður fasteignarinnar getað komið í veg fyrir slysið með betri öryggisbúnaði beri hann skaðabótaábyrgð á slysinu. Sé til öryggisbúnaður sem fasteignareigandinn hafi ekki nýtt sér verði því að líta svo á að hann hafi ekki sýnt þá aðgætni og varkárni sem góðum og gegnum fasteignareiganda bar. Þetta eigi einkum við þegar í húsnæði sé rekin verslunar- og þjónustustarfsemi.

Stefnandi telur ýmsar útfærslur og búnað vera til á markaði sem tryggi öryggi þeirra sem fari í gegnum bílastæðahlið. Til dæmis sé hægt að fá stillanlega átaksskynjara, sambærilega þeim sem finna megir í lyftum og snúningshurðum. Einnig sé hægt að fá öryggislista sem hafi þá verkun að viðnám á listanum geri slánni kleift að fara aftur upp þegar átakið sé aðeins nokkur grömm. Enn fremur sé hægt að fá svonefndar *photocells* sem virki þannig að ef t.d. gangandi vegfarandi sé undir bílastæðaslánni lokist hún ekki. Þá sé einnig hægt að stilla hversu hratt bílastæðaslá falli niður. Sé því ljóst að margar útfærslur séu til hvað varðar öryggi og aðbúnað á bílastæðahliðum. Telur stefnandi að þessi öryggisbúnaður hefði tryggt öryggi vegfarenda og komið í veg fyrir slysið. Megir með sanngirni ætlast til að fyrirtæki eins og stefndi Hekla hf., sem reki umfangsmikla þjónustu og verslun, búi þannig um hnútana að fyllsta öryggis sé gætt enda megir vænta umferðar gangandi og hjólandi vegfarenda. Stefndi Hekla hf. sé stórt fyrirtæki með mikla veltu og því megir gera enn frekari kröfu til þess að fyrirtækið sé með fullnægjandi öryggisbúnað. Eigi það sérstaklega við þar sem slíkur búnaður sé tiltækur og auðveldur í uppsetningu án mikils kostnaðar.

Stefnandi bendir á að í athugasemdum stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum komi fram að öryggisbúnaður hliðsins hafi ekki

virkað sem skyldi þegar stefnandi gekk undir hliðið þar sem öryggisbúnaðurinn hafi ekki haft tíma til að nema hreyfingu stefnanda og stöðva slána. Komi einnig fram í athugasemdunum að búnaðurinn hefði virkað ef stefnandi hefði gengið inn í línu *fótósellunnar* sekúndu áður. Telur stefnandi að í þessu felist viðurkenning stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. á því að búnaðurinn virki ekki fullkomlega. Hafi aðeins verið tímaspursmál hvenær slys yrði. Sé það grundvallaratriði að öryggisbúnaður í bílastæðahliðum virki einmitt á tímarpunktum sem þessum, þ.e. þegar einhver er beint undir slánni.

Stefnandi telur að stefnda Heklu hf. hafi verið í lófa lagið að tryggja fullnægjandi öryggi á svæðinu með því að setja upp búnað sem hefði getað komið í veg fyrir að svona slys gæti átt sér stað. Slár sem þessar séu hættulegar í eðli sínu og beri því að gera allar mögulegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að sláin valdi slysi. Ljóst sé að með fullnægjandi öryggisbúnaði hefði verið hægt að koma algerlega í veg fyrir slysið. Töluvert framboð er af öryggisútbúnaði fyrir slá sem þessa og ástæðan fyrir því er að slár án slíks búnaðar eru stórhættulegar. Það eitt að vera ekki með þann búnað er alvarlegur annmarki á öryggisatriðum á bílastæði stefnda Heklu hf. Hefði verið rétt, og í samræmi við *bonus pater* mælikvarðann, að nota tiltækar leiðir til þess að koma í veg fyrir slys. Þannig hefði stefndi t.d. getað komið fyrir öryggisgeislum við hliðin sem staðsettir væru með réttum hætti. Telur stefnandi að slíkir geislar hefðu komið í veg fyrir slysið enda nemi geislarnir fyrirstöðu og stöðvi slár. Þegar slysið hafi orðið hafi öryggisgeisli verið staðsettur ranglega og þannig ekki numið gangandi vegfaranda, a.m.k. ekki fyrr en of seint. Auk þess hefði verið hægt að grípa til annarra ráðstafana, t.d. gefa hljóð- og/eða ljósmerki frá slánni áður en hún félli niður. Telur stefnandi að sú staðreynd að bílastæðaslá hafi lent á höfði gangandi vegfaranda feli í raun í sér fullnægjandi sönnun fyrir vanbúnaði á slánni.

Stefnandi segir að samkvæmt upplýsingum sem hann hafi fengið munnlega frá stefnda Heklu hf. muni stefndi Securitas hf. hafa séð um rekstur hliðsins. Í því felist að sjá um að búnaður þess sé fullnægjandi. Samkvæmt því beri Securitas hf. ábyrgð, a.m.k. sameiginlega ábyrgð með stefnda Heklu hf., á því að hliðið og umhverfi þess sé nægilega öruggt. Öll þau atriði sem rakin hafi verið að framan eigi því þannig jafnt við um stefnda Securitas hf. og stefnda Heklu hf. Stefnandi hafi ekki fengið nákvæmari lýsingu á verkskiptingu milli fyrirtækjanna en rétt sé að þau upplýsi um það enda sé það væntanlega byggt á samkomulagi þeirra á milli.

Stefnandi byggir á því að slysið sé einnig bótaskyld á grundvelli laga nr. 25/1991, um skaðsemisábyrgð, þar sem hliðið, sem lokaðist á höfuð hans og olli honum tjóni, hafi verið haldið ágalla í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð. Samkvæmt ákvæðinu telst vara haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum því hvernig hún var boðin og kynnt, notkun þeirri sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir og hvenær henni var dreift. Komi fram í

athugasemdom við umrætt ákvæði í frumvarpi til laga um skaðsemisábyrgð að telja verði að vara sé haldin ágalla ef hún getur valdið tjóni á mönnum eða munum þegar hún sé notuð á venjulegan hátt með fullri aðgát.

Stefnandi bendir á að stefndi Securitas hf. sé seljandi og innflytjandi hliðsins á Íslandi. Ljóst sé að öryggisbúnaður hliðsins hafi ekki fullnægt þeim kröfum sem gera verði til sambærilegra bílastæðahliða sem notuð séu þar sem búast megi við umferð gangandi fólks. Verði það að teljast algjör lágmarkskrafa að við eðlilega notkun á bílastæðahliði sé það a.m.k. svo öruggt að það valdi ekki tjóni á mönnum sem gangi um það. Stefnandi hafi gengið venjulega leið um bílastæði stefnda Heklu hf. og hagað sér eðlilega í þeim aðstæðum. Megi alltaf gera ráð fyrir umgangi fótgangandi fólks eða t.d. hjólandi á svæðinu. Öryggisbúnaður í rafknúnum bílastæðahliðum verði að taka mið af því.

Málsástæður stefndu Securitas hf. og Sjóvár-Almennra trygginga hf.

Stefndu byggja á því að stefnandi eigi ekki rétt til skaðabóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu stefnda Securitas hf. hjá stefnda Sjóvá hf. Að mati stefndu hafi stefnandi hvorki axlað sönnunarbyrði sína fyrir því að almennum skilyrðum bótaábyrgðar sé fullnægt í málinu né að sýnt hafi verið fram á að bómuhlið það sem stefndi Securitas hf. seldi stefnda Heklu hf. hafi verið haldið ágalla. Sé öllum málsástæðum stefnanda hafnað.

Stefndu byggja í fyrsta lagi á því að slíkir annmarkar séu á málaltilbúnaði stefnanda að það geti varðað frávísun án kröfu (ex officio). Í því skyni að sanna tjón sitt hafi stefnandi eingöngu lagt fram læknaþréf B, dags. 16. janúar 2019. Í læknaþréfinu sé því lýst að stefnandi hafi fengið slá í höfuðið í mars 2018 og haft mikla höfuðverki, auk þess að hafa misst eitthvað af sjónsviði. Hafi stefnandi verið á [...] í heilahristingseftirliti. Í þréfinu sé ekki fjallað frekar um atvikið 5. mars 2018. Engin skoðun virðist hafa farið fram á meintum afleiðingum á heilsufar stefnanda og gefi lækurinn ekki upp álit sitt á þeim eða orsakasambandi milli atviksins og mögulegra einkenna stefnanda. Virðist skoðun læknisins og álit hans í þréfinu aðeins hafa lotið að einkennum stefnanda vegna brjós-kloss. Stefnandi hafi ekki aflað annarra sönnunargagna um meint tjón sitt, s.s. með dómkvaðningu matsmanna eða framlagningu frekari sjúkragagna, t.a.m. stuttu eftir atburðinn. Hafi stefnanda borið að leggja slík gögn fram strax við þingfestingu, sbr. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Uppfylli málaltilbúnaðurinn jafnframt ekki kröfur 2. mgr. 25. gr. laganna um að leiða þurfi nægar líkur fyrir tjóni til að eiga lögvarða hagsmuni af viðurkenningarkröfu. Með sömu rökum telji stefndu að stefnandi hafi ekki axlað sönnunarbyrði sína fyrir því að hafa orðið fyrir tjóni þegar hann rak höfuð sitt í bómuhlið á lóð stefnda Heklu hf. Verði því þá þegar að sýkna stefndu í málinu enda sé það eitt skilyrði bótaábyrgðar að tjón teljist nægilega sannað.

Í öðru lagi segjast stefndu ekki geta fallist á málaltilbúnað stefnanda um að stefndi Securitas hf. beri ábyrgð á meintu tjóni stefnanda á þeim grundvelli að stefndi Securitas

hf. hafi séð um rekstur hliðsins og borið ábyrgð á að búnaður þess væri fullnægjandi. Hafi ekki verið í gildi neinn þjónustusamningur milli stefnda Heklu hf. og stefnda Securitas hf. um viðhald og eftirlit með hliðinu og búnaði þess. Stefndi Securitas hf. geri almennt ekki slíka samninga samhliða sölu á hliðum af þessu tagi enda sé það á færi rafvirkja að sinna slíku viðhaldi og eftirliti. Eftir atvikum kunni að vera að aðstoðar stefnda Securitas hf. sé óskað. Það hafi síðast gerst í október 2015 þegar óskað hafi verið eftir aðstoð af hálfu stefnda Heklu hf. Hafi stefndi Securitas hf. eingöngu verið söluaðili hliðsins og selt það með þeim búnaði sem framleiðandi þess bjóði upp á, s.s. með viðeigandi skynjurum. Sé því öllum málsástæðum stefnanda hafnað um að stefndi Securitas hf. hafi getað borið óskipta ábyrgð með stefnda Heklu hf. á grundvelli reglna um ábyrgð fasteignareiganda. Stefndi Securitas hf. hafi á slysdegi sannarlega hvorki verið eigandi fasteignarinnar né bómuhliðsins.

Í þriðja lagi kveðst stefndi Securitas hf. hafna öllum málsástæðum stefnanda um að bómuhliðið hafi verið haldið ágalla í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1991, um skaðsemisábyrgð. Samkvæmt ákvæðinu teljist vara haldin ágalla þegar hún sé ekki svo örugg sem með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum (a) hvernig hún var boðin og kynnt, (b) notkun þeirri sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir, og (c) hvenær vöru var dreift. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði laga nr. 25/1991 séu uppfyllt og hafi honum ekki tekist sú sönnun. Bómuhliðið og búnaður þess hafi uppfyllt allar þær kröfur sem lög og reglur gera til hliða af þessari gerð og hafi stefnandi í engu sýnt fram á að það hafi verið vanbúið eða haldið ágalla miðað við aðstæður þannig að talist geti á ábyrgð stefnda Securitas hf. Það sé í eðli bómuhliða af þessari tegund að opnast til að hleypa bílaumferð í gegn og lokast síðan þegar bílar hafi keyrt í gegnum hliðið. Hliðið sé búið skynjurum og sláin í sýnilegum litum. Hafi hliðið auk þess viðeigandi vottanir. Hliðið hafi því verið búið öllum viðeigandi búnaði til að lágmarka hættu á að slys yrði. Útilokað sé að koma alfarið í veg fyrir slys þegar hlið af þessari gerð lokist, sér í lagi ef gangandi vegfarendur fari undir slá hliðsins í sömu andrá og hún fellur niður. Virðist það einmitt hafa gerst, að stefnandi hafi gengið undir hliðið um leið og sláin hafi verið komin nær alla leið niður eftir að bíl hafi áður verið ekið þar í gegn. Að mati stefndu bendi öll gögn málsins til þess að slysið megi rekja til gáleysislegrar háttsemi stefnanda sem hafi ekki gætt að sér þegar hann hafi gengið um svæðið. Bómuhliðið sé vel sýnilegt hverjum sem gangi um svæðið og sé málatalibúnaði stefnanda hafnað um að gangandi vegfarendur rugli saman bómuhliðinu og fánastöngum á svæðinu. Meint tjón stefnanda sé því að rekja til háttsemi hans sjálfs og liggi ekkert fyrir í málinu um saknæma háttsemi stefndu né að hliðið hafi verið haldið ágalla í skilningi laga nr. 25/1991. Sé því um óhappatilvik að ræða og beri því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Stefndu telja í öllu falli ljóst að ekki beri að fallast á bótaábyrgð stefndu nema að miklum minnihluta. Bómuhliðið og slá þess sé vel sýnileg í umhverfinu og gera verði

þær kröfur til gangandi vegfarenda að þeir viðhafi lágmarksvarkárni um nærumhverfi sitt. Stefnanda hafi staðið til boða að fara aðrar leiðir að starfsstöð stefnda Heklu og hafi hann t.d. vel getað gengið framhjá stöpli hliðsins þar sem engin hættu sé á slysi. Auk þess hafi stefnandi gengið undir slána í sömu andrá og hún hafi fallið nær alla leið niður og verði því að ætla að stefnandi hafi vel getað áttað sig á þeim aðstæðum og átt að geta komist hjá slysi.

Málsástæður stefndu Heklu hf. og Vátryggingafélags Íslands hf.

Stefndu vísa til þess að samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála geti aðili leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar hafi hann lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttarsambands hans. Í skaðabótamálum hafi þessi regla verið talin merkja að meintur tjónþoli verði í öllu falli að gera það líklegt að hann hafi orðið fyrir tjóni. Því fari fjarri að læknaþréf sem lagt hafi verið fram geri það, en það sé eina skjalið sem lagt hafi verið fram við þingfestingu málsins sem mögulega geti fært líkur fyrir því að tjón hafi orðið. Þar sé því lýst að stefnandi hafi fengið slá í höfuðið og fengið af þeim sökum höfuðverki og misst sjónsvið tímabundið. Þá komi þar fram að stefnandi hafi verið viðkvæmur fyrir höggum þegar hann hoppi. Sé því augljóslega um að ræða endursögn læknisins á lýsingu stefnanda en engum samtímarannsóknnum lýst. Þá sé vikið að nýrri einkennum í læknaþréfinu, að stefnandi hafi undanfarnar vikur verið með tiltekna verki, en að álitu læknisins séu þeir afleiðingar brjós-kloss. Engin leið sé af lestri læknaþréfsins að tengja saman verki og/eða brjós-klosið og höggið sem stefnandi fékk er hann gekk undir öryggisslána í umrætt sinn. Þá sé ekki um samtímaskráningu meintra höfuðverkja að ræða og ekkert bendi til að þeir hafi leitt til fjárhagslegs tjóns. Telja stefndu mikilvægt að umrætt læknaþréf sé lesið með hliðsjón af því að það hafi verið ritað 16. janúar 2019 en meint tjónsatvik átt sér stað í mars 2018. Í millitíðinni, [...], hafi stefnandi klifið 4000 metra hátt fjall í vonskuveðri og hafi ætlað að klífa hæsta tind Evrópu í sömu ferð. Bendi því ekkert til að stefnandi hafi hlotið nokkurt tjón sem talist gæti afleiðing þess að hann gekk á öryggisslána í umrætt sinn. Í öllu falli hafi stefnandi ekki lagt fram gögn sem geri slíkt tjón líklegt. Í þessu sambandi benda stefndu á að samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 91/1991 beri stefnanda máls að leggja fram við þingfestingu öll helstu sönnunargögn sem hann hyggist byggja mál sitt á.

Stefndu segja rangt, það sem fullyrt sé í stefnu, að stefndu beri sönnunarbyrði fyrir því sem sé óljóst í málinu. Krafa stefnanda byggi í grunninn á hinni almennu sakarreglu og beri stefnandi því sem tjónþoli sönnunarbyrði fyrir því að bótagrundvöllur sé til staðar sem sé í orsakasambandi við tjón sem hann hafi sannanlega orðið fyrir. Þá standist ekki sú fullyrðing í stefnu að sú staðreynd að hliðið hafi rekist í höfuð stefnanda sanni að útbúnaður þess hafi verið ófullnægjandi og þar með sé sök sönnuð. Þá beri að greina með skýrum hætti á milli stefnumiða laga og skráðra hátternisreglna. Ákvæði laga sem

mæli fyrir um markmið þeirra séu ekki háttænisreglur og það teljist ekki brot á lögunum þótt markmiðum þeirra sé ekki náð í einstaka tilvikum.

Stefndu segja engar skráðar háttænisreglur hafa verið brotnar í þessu tilviki. Sé háttæmi váttryggðs því að öllum líkindum ekki sagnæm. Til að svo yrði þyrfti stefnandi að sanna að aðstæður hefðu verið óvenjulegar og sérstaklega hættulegar. Hefði svo verið kynni að hafa stofnast sérstök skylda til að bregðast við þeim. Stefnandi hafi hins vegar ekki sannað að slíkar aðstæður hafi verið til staðar. Öryggishliðið hafi verið á akbraut en ekki gangbraut. Það sé utan alfaraleiðar og til þess ætlað að hindra óþarfa umferð um vinnusvæði og sé ekki á leið sem stefndi Hekla hf. beini viðskiptavinum sínum sérstaklega um. Þá hafi öryggishliðið verið málað í björtum litum með mynstri sem þekkt sé að tákni hættu. Lýsingu hafi ekki verið ábótavant og hliðið verið búið öryggisbúnaði sem verulega hafi dregið úr hættu á að það myndi valda slysum.

Stefndu vísa til þeirra laga og reglna sem stefnandi byggir á í stefnu og segir ljóst að ýmis lög og reglugerðir hafi það að markmiði að draga úr hættu við mannvirki og að eigendum fasteigna beri að draga úr hættu við mannvirki í umráðum sínum. Stefndi Hekla hf. hafi keypt CE-merkt öryggishlið sem bæði hafi verið með skynjara undir stönginni og ljósnema milli stólpanna sem hliðið hvíli á, auk þess sem það hafi verið málað með einkennandi hætti. Hafi því fyllsta öryggis verið gætt og verulega dregið úr hættu. Hafi tilviljun ein, óhappatilvik sem engum öðrum en stefnanda verði sjálfum kennt um, ráðið því að stefnandi hafi gengið á hliðið á versta stað, lengst frá mótorhúsinu, í þann mund sem það var að lokast.

Stefndu benda á að minna fari fyrir háttænisreglum í stefnu. Vísað sé til 9. gr. reglna nr. 492/1987 þess efnis að vélar sem séu með sjálfvirkri lokun skuli búið stöðvunarbúnaði sem stöðvi þær á öruggari hátt. Hafi umrætt hlið verið búið tvöföldum slíkum búnaði. Verði því að álykta að stefndi Hekla hf. hafi aðhafst í samræmi við kröfur laga, en þetta sé eina háttænisreglan sem vísað sé til.

Hvað varðar önnur viðmið skaðabótaréttar telja stefndu að háttæmi stefnda Heklu hf. hafi ekki fallið undir að vera sagnæm. Ósannað sé að stefndi Hekla hf. hafi vitað eða mátt vita að hætta stafaði af hliðinu. Ekki hafi orðið slys á fólki áður vegna hliðsins og hafi stefndi keypt hliðið af söluaðila sem gefi sig út fyrir að vera sérfræðingur í öryggismálum. Hliðið sjálf sé frá þekktum framleiðanda og CE-merkt með tvöföldum öryggisbúnaði. Hafi stefndi Hekla hf. því mátt ætla að öryggishliðið væri öruggt.

Stefndu benda á að ef efni þyki til að líta til viðmiða sem fram komi í dómum á þessu sviði liggja fyrir að ekki hafi stafað mikil hætta af hliðinu. Það lokist ekki óvenju hratt og sé búið búnaði sem komi í veg fyrir að það lokist ef eitthvað er undir því. Þá sé það búið nemum sem láti það stöðvast og opnast að nýju ef fyrirstaða kemur í veg fyrir að það lokist. Þessi búnaður hafi verið virkur. Hafi því ekki verið ástæða til að ætla að líklegt væri að tjón hlytist af hliðinu né að tjón yrði mikið ef slys yrði. Benda stefndu á

að engin leið hafi verið að koma að fullu í veg fyrir að slys gæti orðið. Hafi öryggisbúnaður hliðsins hins vegar gert það að verkum að til að slys gæti orðið þyrfti viðkomandi í raun að ganga á hliðið líkt og gerst hafi í umrætt sinn.

Stefndi Hekla hf. vísar til þess að í dómum Hæstaréttar hafi iðulega verið litið til þess hvort aðstæður hafi getað talist óvenjulegar eða sérstaklega hættulegar. Svo hafi ekki verið í þessu tilviki. Séu öryggishlið líkt því sem hér um ræðir notuð víða og með sama eða minni öryggisbúnaði. Þá hafi aðstæður að öðru leyti verið góðar og engin sérstök hættu á tjóni.

III

Niðurstaða

Í máli þessu krefst stefnandi viðurkenningar á óskiptri bótaskyldu stefndu vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut af völdum slyss á lóð stefnda Heklu hf. Er málið höfðað á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndu telja að vísa eigi málinu frá dómi án kröfu þar sem stefnandi hafi ekki uppfyllt það skilyrði þess að mál verði höfðað á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 að líklegt sé að hann hafi orðið fyrir tjóni. Ekki verður fallist á það með stefndu. Í málinu liggur fyrir myndupptaka af umræddu slysi þar sem sjá má slá umrædds hliðs falla á höfuð stefnanda. Þá var við þingfestingu málsins lagt fram læknaþréf þar sem tilteknum áverkum var lýst. Loks voru læknisvottorð lögð fram við meðferð málsins varðandi mögulegar skammtíma- og langtímaafleiðingar slyssins. Að virtum framlögðum gögnum þykir stefnandi hafa gert það nægjanlega líklegt að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við umrætt slys til að málið sé tekið til efnismeðferðar um mögulega bótaskyldu stefndu vegna þess. Viðurkenningarkröfu hans verður því ekki vísað frá dómi án kröfu.

Að mati dómsins hefur ekki verið sýnt fram á, eða gert líklegt, að umrætt hlið hafi verið gallað eða bilað þegar atvik málsins áttu sér stað. Hefur ekki verið sýnt fram á annað en að um sé að ræða CE-vottað og ógallað hlið sem stefndi Securitas hf. seldi stefnda Heklu hf. árið 2015. Þá liggur ekkert fyrir um það í málinu að stefndi Securitas hf. hafi valið umrætt hlið sérstaklega fyrir þær aðstæður sem um ræðir. Loks hefur stefnandi ekki sýnt fram á að gerður hafi verið þjónustusamningur milli stefndu Heklu hf. og Securitas hf. um viðhald og eftirlit með hliðinu. Er með vísan til alls þessa fallist á það með stefndu Securitas hf. og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. að sýkna beri þá af kröfu stefnanda í málinu.

Dómendur gengu á vettvang og skoðuðu umrætt hlið og aðstæður. Er um að ræða hlið með fjögurra metra langri og þungri málmslá sem fellur nokkuð hratt þegar hliðið lokast. Þá er hliðið opið lengi, í um 30 sekúndur, áður en sláin fellur niður, sem getur að mati dómsins leitt til þess að vegfarendur gæti ekki að sér þegar þeir koma að hliðinu og

ganga undir slána. Er að mati dómsins hvort tveggja til þess fallið að auka líkur á því að sláin falli á gangandi vegfarendur og því ekki um að ræða hlið sem er hentugt til nota þar sem vænta má þess að gangandi vegfarendur eigi leið um.

Fallist er á það með stefnanda að eðlilegt sé að gangandi vegfarendur nýti sér ýmsar leiðir til að komast inn á svæði stefnda Heklu hf. Fyrir gangandi vegfaranda sem kemur gangandi niður Brautarholt er eðlilegt að ganga stystu leið inn á svæðið, gegnum hliðið, með þeim hætti sem stefnandi gerði í umrætt sinn. Þá er fallist á það með stefnanda að stefndi Hekla hf. verði að gera ráð fyrir talsverðri umferð gangandi vegfarenda um hliðið, bæði á afgreiðslutíma og utan hans. Hvíliur því rík skylda á Heklu hf., sem eiganda og umráðamanni fasteignarinnar og rekstraraðila þeirrar þjónustu sem þar er boðin, að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem þangað eiga erindi og leið eiga um svæðið.

Í skýrslu vitnisins Ólafs Björns Jónssonar, gæðastjóra stefnda Heklu hf., fyrir dómi, kom fram að eini öryggisbúnaður umrædds hliðs væri geisli sem lægi í sömu línu og sláin, fyrir neðan hana. Vissi hann ekki hvort nemi í hliðinu næmi hvort sláin lenti á einhverju. Hann kvað engar aðvörunarmerkingar hafa verið við hliðið er slysið varð en þær hefðu verið settar upp eftir slysið.

Dómurinn fellst á það með stefnanda að í ljósi þeirra hættueiginleika hliðsins sem áður hefur verið lýst og með hliðsjón af þeirri umferð gangandi vegfarenda sem gera má ráð fyrir gegnum hliðið hafi stefnda Heklu hf. borið að grípa til aðgerða til að tryggja öryggi vegfarenda, enda hafi stefndi Hekla hf. mátt vita í ljósi allra aðstæðna að hætta stafaði af hliðinu. Hefði stefnda t.d. verið í lófa lagið að draga úr líkum á því að slys af þessu tagi ætti sér stað með því að setja upp varúðarskilti og beita hljóð- og ljósmerkjum til að vekja athygli vegfarenda á hættunni. Að mati dómsins verður slys stefnanda því rakið til hættueiginleika hliðsins og aðgerðaleyfis stefnda Heklu hf. til að vara við þeim eða grípa til annarra viðeigandi varúðarráðstafana. Er því fallist á kröfu stefnanda og viðurkennd bótaskylda stefndu, Heklu hf. og Vátryggingafélags Íslands hf., vegna mögulegs líkamstjóns sem stefnandi hlaut af völdum slyss á lóð stefnda Heklu hf. 5. mars 2018.

Ekki er fallist á þá kröfu stefndu að stefnandi verði látinn bera hluta tjóns síns vegna eigin sakar. Eins og rakið hefur verið hér að framan gekk hann stystu leið inn á svæði stefnda Heklu hf., gegnum umrætt hlið, og gat að mati dómsins ekki gert ráð fyrir að sláin félli á hann fyrirvaralaust með þeim hætti sem raun bar vitni.

Eftir þessum úrslitum máls og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála skulu stefndu Hekla hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. greiða sameiginlega stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 1.200.000 krónur. Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að málskostnaður milli stefnanda og stefndu Securitas hf. og Sjóvár-Almennra trygginga hf. falli niður.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari og dómsformaður kveður upp dóm þennan ásamt sérfróðu meðdómsmönnum Magnúsi Þór Arnarsyni, efnaverkfræðingi og sérfræðingi um vélbúnað, öryggisbúnað og eftirlit með slíkum búnaði, og Þorvaldi Ingvarssyni bæklunarskurðlækni.

Dómsorð:

Stefndu Securitas hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. eru sýknir af kröfum stefnanda.

Viðurkennd er óskipt bótaskylda stefndu Heklu hf. og Vátryggingafélags Íslands hf. vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut af völdum slyss á lóð stefnda, Heklu hf., 5. mars 2018.

Stefndu Hekla hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. greiði stefnanda óskipt 1.200.000 krónur í málskostnað.

Málskostnaður milli stefnanda og stefndu Securitas hf. og Sjóvár-Almennra trygginga hf. fellur niður.

Björn Þorvaldsson
Magnús Þór Arnarson
Þorvaldur Ingvarsson